



## JARÐSKJÁLFTARNIR FYRIR NORÐAN OG JARÐFRÆÐI LANDSINS

(1934)

### I.

Í ritgerð um Ísland, sem kom í Handbuch der regionalen Geologie (1910), notaði ég uppdrátt eftir Þorv. Thoroddsen, sem sýnir jarðskjálftasvæði Íslands, en bætti við einu og er það á skaganum milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Það er þetta „nýja“ jarðskjálftasvæði, sem nú hefir látið svo óskemmtilega á sér bera, og er sennilegt að upptök hræringanna hafi verið nálægt Dalvík. Þarna er um að ræða brotsvæði ekki gamalt, jarðfræðilega talað, og hefir þar gengið eitthvað úr skorðum. Brot þetta eða landsig, sem hefir víkkað Eyjafjörð og skapað Hrísey, er að öllum líkindum ámóta gamalt og Skagafjörður; en rannsóknir mínar hafa leitt í ljós, að hann er ekki eldri en frá ísaldartímabilinu og að vísu frá síðari hluta þess. En í ár-um talið, skiptir aldurinn vafalaust tugum árþúsunda og eigi allfáum, en þó tæpast hundruðum. Á líkum aldri og Skagafjörður og landsig þetta, sem kenna mætti við Hrísey, er eldfjallið eða eldfjallsrústin Mosfell hér uppfrá, sem gosið hefir miklu hrauni og er mestur hluti þess sokkinn í sjó, eða kominn í möl, sand og leir, en leifarnar má sjá í Geldinganesi, Viðey, Engey, Örfirisey og Akurey. Í Viðey er þó að nokkru leyti miklu eldra berg, og kemur það einnig fram landmegin sundsins, þar sem prófessor Guðm. heitinn Bárðarson ranglega hugði vera gosstöðvar.

## II.

Við brot þau í Akureyrarskaganum vestanverðum, sem ég hygg ámóta gömul Hríseyjarlandbrotinu, hafa orðið eldgos, og er Þórðarhöfði rúst af myndarlegu eldfjalli; má sjá leifar af hraunum úr Þórðarhöfða í Málmei og Hrolleifshöfða og eins suður af eldfjallinu; en mestur hluti þeirra er þó mulinn niður eða hefir sokkið í sjó, þegar Skagafjörður varð til. Að því er mig minnir, hefir gáfumaðurinn Guðmundur Davíðsson á Hraunum sagt frá gosmenjum norður þar, sem miklu yngri eru en Þórðarhöfði, en því miður hefi ég ekki komið á þær stöðvar enn þá. Mjög kom mér á óvart, er ég var á ferð með varðskipinu Óðni í fyrrasumar og skoðaði strendur og eyjar, eftir því sem færi gafst, að sjá að Flatey, sem er yzt á Skjálfaflóa vestanverðum, er að mestu gerð af hrauni, sem ekki er eldra en frá ísaldartímabilinu. En ég hafði haldið eins og allir, sem við þau efni hafa fengizt, að eyjan væri gerð af fornu blágrýti. Þegar þess er gætt, sem hér hefir verið sagt, koma hreyfingar þær, sem orðið hafa á brotalínunum við Dalvík og Hrísey, ekki eins undarlega fyrir sjónir og þær myndu hafa gert, ef ýmsar eldri hugmyndir um jarðfræði landsins hefðu enn verið í gildi.<sup>1</sup>

---

1) Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur hefir, síðan þetta var ritað, rannsakað jarðskjálfta þessa og skrifað um þá fróðlega ritgerð. (H. P.)